



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

---

**Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um að veita lágtekjuheimilum sértæka aðstoða vegna gjalda tengdum börnum**

Á fundi borgarstjórnar þann 21. júní 2022 lagði borgarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu um að veita lágtekjuheimilum sértæka aðstoða vegna gjalda tengdum börnum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita foreldrum á lágtekjuheimilum í Reykjavík sértæka aðstoð til að standa straum af gjöldum í tengslum við börn sín eftir atvikum og þörfum þeirra. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að reglur Reykjavíkur um fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar með tilliti til þess að börn tekjulágra foreldra fái styrk til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskólavistun og frístundaheimili, sumardvöl og þátttöku barns í þroskandi félags- og tómsundastarfi. Tryggt verði að foreldrar sem þiggi fjárhagsaðstoð fái ávallt styrk vegna þessa. Jafnframt verði veittur slíkur styrkur til lágtekjuhópa sem ekki þigga fjárhagsaðstoð. Lagt er til að starfshópi skipuðum sérfræðingum frá skóla- og frístundasviði og velferðarsviði verði falið að kanna hvernig skuli útfæra slíkt styrktarúrræði þannig að það nái til fátækustu barnafjölskyldnanna og sem flestra barnafjölskyldna sem eiga erfitt með að standa straum af kostnaði í tengslum við börn sín. Það er afar mikilvægt að tryggja að öll börn sitji við sama borð og að þau hafi jöfn tækifæri án tillits til efnahags foreldra þeirra. Það er samfélagsleg skylda okkar að aðstoða foreldra sem eiga erfitt með að greiða gjöld vegna þjónustu við börn sín.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

### Umsögn:

Í 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg kemur fram:

*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 217.799 kr. á mánuði.*

*Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.*

*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 348.476 kr. (217.799 x 1,6).*

*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 183.507 kr.*



*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 108.898 kr. (217.799:2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 183.507 kr. á mánuði.*

Stýrihópur velferðarsviðs lagði fram á árinu 2020 áætlun um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra þar sem m.a. voru lagðar fram breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð sem lutu að þjónustugreiðslum til foreldra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu (fylgiskjal 1). Á fundi velferðarráðs þann 24. febrúar 2021 voru síðan samþykktar breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg en í 10. gr. reglnanna kemur nú fram:

*Til viðbótar við grunnfjárhæð skal í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Foreldri sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum fær sérstaka fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn með lögheimili og á framfæri foreldris sem er í daggæslu í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Miðað er við að aðstoðin nemi sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir átta stundir á leikskólum Reykjavíkurborgar. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana.*

Í fyrrnefndri aðgerðaáætlun var fjallað um gjaldskrár Reykjavíkurborgar í tengslum við börn og barnafjölskyldur. Í áætluninni kemur fram að Reykjavíkurborg, í samanburði við önnur sveitarfélög, veitir nokkuð rýmri niðurgreiðslur. Nokkuð ósamræmi er aftur á móti í gjaldskrár á milli sveitarfélaga, s.s. hvort börn fái þjónustu án endurgjalds eða ekki. Gjaldtaka þó lág sé, getur þannig hindrað þátttöku barna sem búa við sárafátækt. Hópurinn starfaði einungis í umboði velferðarsviðs en kom engu að síður á framfæri ákveðnum ábendingum almennt séð, sem og til skóla- og frístundasviðs og íþrótt- og tómsundasviðs vegna gjaldskrármála.

Reykjavíkurborg tryggir tekjulægsta hópi samfélagsins þ.e. þeim fjölskyldum sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda, umtalsverða styrki til að mæta föstum útgjöldum vegna barna sinna. Auk þess hefur allt umsóknarferlið verið einfaldað, þannig að foreldrar fá upplýsingar um styrki vegna barna um leið og sótt er um fjárhagsaðstoð.

Í tillögnum er lagt til að borgarstjórn samþykki að veita foreldrum á lágtekjuheimilum í Reykjavík sértæka aðstoð til að standa straum af gjöldum í tengslum við börn sín eftir atvikum og þörfum þeirra. Hér á eftir eru sett fram þrjú dæmi um mismunandi tekjur einhleyps foreldris með börn á framfærslu og útlagðan kostnað vegna leikskóla, frístundar eða skólamáltíða. Dæmin eru tilraun til að meta mögulegan viðbótarkostnað Reykjavíkurborgar ef reglum um fjárhagsaðstoð yrði breytt og fleiri foreldrar en þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu fengju stuðning.

Dæmi 1 sýnir einstætt foreldri sem þiggur fjárhagsaðstoð og er með þrjú börn á framfæri. Þar af eru tvö börn í grunnskóla og eitt í leikskóla. Heildartekjur þessa einstaklings eru metnar 531.804 kr. með húsnæðisstuðningi, meðlagi og barnabótum. Heildarkostnaður vegna leikskóla, frístundar og skólamáltíða er metinn 46.795 kr. Einstaklingar sem þiggja fjárhagsaðstoð og eiga börn á grunnskólaaldri eða yngri eiga rétt á greiðslum vegna barna skv. 10 gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Þessar greiðslur eru til að standa að kostnaði vegna



daggæslu, leikskóla, frístundar og matar á þeim tíma sem börnin sækja þá þjónustu. Hlutfall kostnaðar vegna barna af heildartekjum nemur um 9%.

Fjárhagsaðstoð með þrjú börn á framfæri			
Mánaðarlegar tekjur		Kostnaður	
<i>Tegund</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Tegund</i>	<i>Fjárhæð</i>
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	217.799 kr.	Leikskólagjald	18.851 kr.
Húsnæðisstuðningur	90.000 kr.	Frístund	38.880 kr.
Meðlag	119.088 kr.	Skólamáltíðir	21.422 kr.
Mæðra/feðralaun	29.789 kr.	Aðstoð skv. 10 gr.	-32.358 kr.
Barnabætur	104.917 kr.		
<b>Samtals</b>	<b>531.804 kr.</b>	<b>Samtals</b>	<b>46.795 kr.</b>

Dæmi 2 sýnir lágtekjuheimili einstæðs foreldris með tvö leikskólabörn á framfæri. Einstætt foreldri greiðir að hámarki 30.958 kr. á mánuði fyrir tvö börn í leikskóla. Heildartekjur þessa einstaklings eru metnar 515.989 kr. með húsnæðisstuðningi, meðlagi og barnabótum. Tekið er mið af lágtekjumörkum á árinu 2021 skv. skilgreiningu Evrópusambandsins.<sup>1</sup> Nemur hlutfall kostnaðar af heildartekjum í þessu tilfelli 9%.

Lágtekjuheimili með tvö börn á framfæri			
Mánaðarlegar tekjur		Kostnaður	
<i>Tegund</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Tegund</i>	<i>Fjárhæð</i>
Tekjur (Lágtekjumörk)	300.150 kr.	Leikskólagjald	18.851 kr.
Húsnæðisstuðningur	55.287 kr.	Leikskólagjald	30.151 kr.
Meðlag	79.392 kr.	Systkinaafsláttur	-18.044 kr.
Mæðra/feðralaun	11.493 kr.		
Barnabætur	69.667 kr.		
<b>Samtals</b>	<b>515.989 kr.</b>	<b>Samtals</b>	<b>30.958 kr.</b>

Dæmi 3 sýnir einstætt foreldri með örorkulífeyrir og eitt leikskólabarn á framfæri. Heildartekjur þessa einstaklings eru metnar 566.287 kr. með húsnæðisstuðningi, meðlagi og barnabótum. Nemur hlutfall kostnaðar vegna barna af heildartekjum 3%.

Örorkulífeyrir með eitt barn á framfæri			
Mánaðarlegar tekjur		Kostnaður	
<i>Tegund</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Tegund</i>	<i>Fjárhæð</i>
Framfærsluuppbót	362.478 kr.	Leikskólagjald	18.851 kr.
Húsnæðisstuðningur	90.000 kr.		
Meðlag	39.696 kr.		
Barnalífeyrir	39.696 kr.		
Barnabætur	34.417 kr.		
<b>Samtals</b>	<b>566.287 kr.</b>	<b>Samtals</b>	<b>18.851 kr.</b>

<sup>1</sup> Lágtekjumörk í hverju landi eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu í landinu. Þannig eru þeir einstaklingar undir lágtekjumörkum sem hafa lægri ráðstöfunartekjur á neyslueiningu en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu á Íslandi.



Erfitt er að meta kostnað við þá aðgerð að veita lágtekjuheimilum sem ekki þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu aðstoð til greiðslu gjalda vegna barna þar sem kostnaður og aðstæður milli fjölskyldna eru mjög breytilegar. Fyrst þyrfti að ákveða hvaða viðmiðunarmörk yrðu sett til að foreldrar ættu rétt á slíkum greiðslum ásamt því að ákveða nákvæmlega hvaða greiðslur vegna barna Reykjavíkurborg mun greiða. Ef miðað er við að greiddur yrði kostnaður hjá öllum foreldrum á lágtekjuheimilum í Reykjavík (dæmi 2) til að standa straum af gjöldum í tengslum við börn sín og áætlað er að fjöldi fjölskyldna í þeim aðstæðum sé um 2.000 gæti kostnaðurinn numið um 414 m.kr. á ári miðað við 10 gr. eins og hún er í dag.

Fjölskyldur á fjárhagsaðstoð, bæði einhleypir foreldrar og hjón með börn á framfæri í ágúst á árinu 2022 voru 351.

Fylgiskjal:

Aðgerðaáætlun stýrihóps velferðarsviðs gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra, október 2020.